

SKIMUN FYRIR SÝKINGUM Á MEÐGÖNGU

Öllum barnshafandi konum er boðin skimun fyrir eftirfarandi sýkingum:

- Einkennalausri sýklamigu
- Lifrabólguveiru B
- Lifrabólgu C
- HIV
- Rauðum hundum
- Sárásótt (syfilis)
- Chlamydiu hjá öllum konum 25 ára og yngri.

Nokkuð hefur borið á að einni og einni skimun sé sleppt, ljósmóðir, læknir eða konan sjálf telji að ekki sé þörf á henni. Alltaf verður þetta val konunnar en mælt er með að öllum konum séu boðnar allar þessar skimanir „í einum pakka“ og útskýrt fyrir þeim að í skimun sé ekki verið að velta fyrir sér áhættuþáttum hvers einstaklings, heldur mikilvægi þess að finna einkennalaus sjúkdóma, sem hægt er að meðhöndla með velferð ófædda barnsins í huga.

- Nánar má lesa um skimanir hér: <http://www.nice.org.uk/CG062fullguideline>